

## Ársskýrsla stjórnar Félags eldri borgara í Hveragerði frá 16.2.2024- 13.2.2025

Aðalfundur á síðasta ári var haldinn þann 16.2.24 kl. 15 í Þorlákssetri og mættu tæplega 80 manns. Nýir stjórnarmenn voru kosnir:

Í aðalstjórn: Daði Viktor Ingimundarson, til eins árs. Sigrún Anna Stefánsdóttir lét af störfum vegna flutnings erlendis.

Einnig kosin til tveggja ára; Kristinn G. Kristjánsson, Birgir Þórðarson og Anna Elísabet Ólafsdóttir.

Í varastjórn: Ingibjörg Sigrún Guðjónsdóttir, til tveggja ára.

Skoðunarmenn reikninga: Hólmfríður Skaptadóttir og Þórdís Magnúsdóttir.

Varamaður skoðunar reikninga: Jakob Árnason.

Fulltrúar vegna Landsambands eldri borgara: Formaður, varaformaður og gjaldkeri félagsins.

Nefnd um lagabreytingar hafði verið að störfum og voru tillögur nefndarinar samþykktar. Stungið var upp á að árgjald yrði kr. 5.000 í stað 4.500 og var það samþykkt samhljóða.

Að loknum aðalfundi skipti stjórnin með sér verkum: Sigurlín Sveinbjarnardóttir, var áður kosin formaður og Daði Ingimundarson, var varaformaður, en Birgir Þórðarson varð ritari, Kristinn Kristjánsson gjaldkeri og Anna Elísabet Ólafsdóttir meðstjórnandi. Varamenn voru Sigrún Guðný Arndal og Ingibjörg Sigrún Guðjónsdóttir.

Á þessu tímabili hafa verið haldnir 20 formlegir stjórnarfundir, auk margra óformlegra funda.

Einnig hafa Félög eldri borgara á Suðurlandi haldið 4 sameiginlega fundi á árinu, á Hellu, í Vík, Selfossi og Vestmannaeyjum og höfum við reynt að senda okkar fulltrúa á þessa fundi. Þrír fulltrúar úr stjórn fóru á Landsfund LEB sem var haldinn í Reykjavík.

Haldnir voru þrír félagsfundir auk aðalfundar.

Vorfundur var haldinn í Þorlákssetri þann 3.5. og mættu um 80 manns.

Haustfundur var haldinn þann 10.9. og mættu 90 manns.

Jólafundurinn var að þessu sinni haldinn á Hótel Örk þann 5. desember og mættu yfir 70 manns. Kór félagsins Hverafuglar söng og félagsmenn fengu góðar veitingar.

Vikudagskrá félagsins er aðeins breytileg, þar sem fallið hafa niður námskeið sem ekki var næg aðsókn að, en tekist hefur að bæta við fleiri hópum fyrir vinsæl námskeið. Má líka nefna námskeið í stólaleikfimi í salnum í Þorlákssetri. Bridge-námskeið var haldið í haust fyrir byrjendur. Nú eru í gangi námskeið sem enda fyrir mars og þá taka önnur við.

Starf hópanna gengur yfirleitt vel og fylgist stjórnin með því og aðstoðar ef þarf. Miklu skiptir að hafa góða hópstjóra en þátttakendur eru þó aðalatriðið. Á Blómstrandi dögum sl. sumar

var mjög fín sýning sett upp í Þorlákssetri til að kynna starfsemi félagsins og tókst það afar vel. Einnig setti ljósmyndahópurinn Hver upp mjög skemmtilega sýningu á haustdögum í Bókasafni Hveragerðis. Þar voru gamlar myndir og síðan nýjar með nákvæmlega sama sjónarhorni, til að sýna gamla og nýja tímann kallast á.

Á síðasta ári voru 10 hópar starfandi hjá félaginu. Starfið var mjög fjölbreytt; spil, handverk, bókmenntir, göngur ofl. Flestir voru með aðstöðu í Þorlákssetri. Ástæða er til að þakka hópstjórunum kærlega fyrir mikið og gott starf. Ný náskaið voru í vatnsleikfimi, jóga í vatni, stólaleikfimi og bridge eins og áður hefur komið fram.

Búið var að skipuleggja góða menningarferð um Suðurland í byrjun júní en af henni varð ekki vegna slakrar þátttöku. Farið var í frábæra dagsferð um Syðra fjallabak þann 27. ágúst. Fararstjóri í þeirri ferð var Einar G. Magnússon sem er í stjórn félags eldri borgara í Rangárþingi og gjörþekkir þetta svæði. Hægt verður að endurtaka þessa ferð ef áhugi verður næsta sumar. Átján manna hópur frá félaginu fór í sérstaka ferð til Benedorm á vegum Úrval Útsýn í september og létu flestir mjög vel af. Sambærileg ferð verður aftur í boði í apríllök.

Glæsilegur dansleikur var haldinn á Hótel Örk þann 15. október þar sem Diskótekið Dísá með söngkonunum Hjördísi Geirsdóttur og Mjöll Hólm héldu uppi stuðinu. Karlakór Hveragerðis söng einnig nokkur lög og sló í gegn. Það komu um 100 manns á ballið, líka gestir frá öðrum félögum eldri borgara á Suðurlandi. Verið er að undirbúa fleiri sameiginleg böll í vor, t.d. á Hvolsvelli, líklega í byrjun mars og á Selfossi í maí.

Farið var í leikhús í Reykjavík í mars að sjá leikritið Luna og einnig að sjá Ellý í nóvember. Farið var í bíó á Selfossi nú í janúar að sjá Guðaveigar.

Í kór Félags eldri borgara, Hverafuglum, starfa tæplega 30 kórfélagar og æfa einu sinni í viku með kórstjóra í 8 mánuði á ári. Öflugt starf var fyrri hluta ársins, fjáröflun, ferð í Skálholt m.m. en í haust varð kórstjórinn að hætta og var þá nokkur tími í óvissu á meðan leitað var að nýjum. En nýr kórstjóri, sem heitir Daniel Alexander Cathcart-Jones, hefur rifið starfið upp aftur og er kórinn jafnvel öflugri en áður.

Mjög vel hefur gengið með „Opið hús“ á miðvikudögum, en það byrjaði sl. haust og mun halda áfram.

Síðan í nóvember hefur uppstillinganefnd verið að störfum samkvæmt lögum félagsins til að undirbúa aðalfundinn. Í uppstillinganefnd eiga sæti:

Formaður: Hólmfríður Árnadóttir.

Meðstjórnandi: Guðmundur Sveinbjörnsson

Meðstjórnandi: Eyvindur Bjarnason.

Nefndin hefur lokið störfum og skilað af sér. Auglýsingin hefur legið frammi á skrifstofu félagsins frá 20. janúar sl.

Stjórn félagsins gerir tillögur um lagabreytingar og hafa þær verið sendar út með aðalfundaboði og verða útskýrðar hér áður en gengið er til atkvæðagreiðslu.

Fjölgun félagsmanna á árinu hefur verið hægfara en örugg og er fjöldinn í dag 392 samtals.

Stjórnin hefur lagt sig fram um að vinna vel og auka þjónustu við félagsmenn. Allir stjórnarmenn og varamenn hafa komið að því starfi, jafnvel gegnum fjarfundabúnað og hefur samstarfið verið mjög gott. Hvort sem um ræðir aðalmenn eða varamenn í þessari 7 manna stjórn mæta allir alltaf, taka óhikað til máls og láta að sér kveða.

Ég vil vekja athygli á að síðastliðið haust hófst öll starfsemi félagsins tveimur vikum fyrr en áður, hvort sem um var að ræða starf hópanna eða námskeiðin, einnig fyrr en hjá sambærilegum félögum eldri borgara. Eftir áramótin fór allt starf af stað einni viku fyrr en áður. Þetta er eingöngu hægt af því að við höfum skipulagt lengra fram í tímann og erum t.d. núna búin að semja við Heilsustofnum Nlfí um aðstöðuna og við kennara á námskeiðum alveg út þetta ár 2025. Við erum mjög þakklát fyrir þetta góða samstarf við Heilsustofnun og vonum að það sé komið til frambúðar.

Eins vil ég nefna sérstaklega hversu miklu það munar að hafa fengið starfsmann á skrifstofuna, sem félagið þarf ekki einu sinni að greiða laun fyrir heldur gerir Hveragerðisbær það. Hún Kolbrún okkar hóf störf í desember 2023 í 30% starfi og varð fljótt alveg ómissandi. Því sóttum við í haust um viðbót til Bæjarráðs Hveragerðisbæjar svo hún gæti verið í 50% starfi og fengum við strax jákvætt svar.

Hveragerði 13.2.2025

F.h. stjórnar, Sigurlín Sveinbjarnardóttir, formaður